

Nd.

551. Nefndarálit

um frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og rætt um það við vitamálastjóra og samgöngumálaráðherra. Hún hefur einnig athugað sérstaklega þær breytingar, sem hv. Ed. hefur gert á frv.

Nefndin er samþykk því, að frv. nái fram að ganga, en telur þó, að gera verði á því nokkrar breytingar. Þannig álitur nefndin, að réttmætt sé að bæta nokkrum stöðum við í lendingarbótaflokkinn, og er það í samræmi við tillögur og óskir frá einstökum þingmönnum.

Þá telur nefndin, að breytingar þær, er hv. Ed. hefur gert á 9. gr. frv., séu mjög vafasamar og sumpart á þá lund, að óhjákvæmilegt sé að breyta greininni á ný. Á þetta sérstaklega við þau ákvæði greinarinnar, sem takmarka rétt hafnar- og lendingarstjórna til þess að leggja gjöld á einstaklingsmannvirki í höfnunum.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. A. Liður 10 (Elliðaárvogur) falli niður.
2. Við 2. gr. B. Í greinina bætist nýir liðir sem hér segir:
Hafnarnes,
Alviðruvör,
Brekka í Mjóafirði,
Frambúðir á Snæfellsnesi,
Haukadalur í Dýrafirði,
Haganesvík,
Hvalneskrókur við Eystrahorn,
Hagi á Barðaströnd.
3. Við 9. gr.
 - a. Á eftir 1. málslið greinarinnar komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Enn fremur gjöld fyrir afnot annarra tækja hafnarinnar, sbr. 1. gr.
 - b. Síðari hluti 3. málsgr. frá orðunum „ef þau standa á lóðum“ . . . o. s. frv., falli niður.
 - c. Fjórða málsgr. greinarinnar falli niður.
 - d. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:
Öll þessi gjöld má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt sem opinber gjöld.
4. Við 15. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Reglugerðir um hafnir samkv. lögum, sem numin eru úr gildi með ákvæðum 17. gr., skulu færðar til samræmis við þessi lög innan eins árs frá gildistöku þeirra.
5. Við 17. gr. Við 6. málsgr. bætist (Hafnarlög Siglufjarðar): þó skulu ákvæði 6. gr. laganna standa áfram í fullu gildi.

Alþingi, 12. marz 1946.

Sig. Kristjánsson, Lúðvik Jósefsson, Ásg. Ásgeirsson.
form. fundaskr., frsm.
Jóhann Þ. Jósefsson. Eysteinn Jónsson.